



2.6.2. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, sbr. rgl. nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017  
9. tölul. 1. mgr. 60. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010

## Heimild leyfisveitanda til að fjarlægja lausafjarmuni

Í grein 2.6.2 í byggingarreglugerð segir:

„Þegar lausafjarmunir sem getið er um í 2.6.1. gr. eru staðsettir án stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja eiganda um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Þegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í 2.6.1. gr. eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja hann um úrbætur innan hæfilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar. Verði viðkomandi ekki við þeim kröfum skal leyfisveitandi krefjast þess að lausafjarmunirnir verði fjarlægðir innan hæfilegs frests, að öðrum kosti verði það gert á kostnað handhafa stöðuleyfis.“

### Leiðbeiningar

#### 1 Heimild byggingarfulltrúa til að fjarlægja lausafjarmuni

Hafi ekki verið sótt um stöðuleyfi fyrir stöðuleyfisskyldum lausafjarmunum gildir 2.6.2. gr. um heimild byggingarfulltrúa til að fjarlægja viðkomandi lausafjarmuni. Skal byggingarfulltrúi krefja eiganda um að fjarlægja þá innan eðlilegs frests, þó aldrei lengri frests en eins mánaðar, að öðrum kosti verði það gert á kostnað eiganda.

Þegar handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki þær kröfur sem fram koma í 2.6.1. gr. eða önnur skilyrði stöðuleyfis skal leyfisveitandi krefja hann um úrbætur innan hæfilegs frests, þó aldrei lengri en eins mánaðar. Verði viðkomandi ekki við þeim kröfum skal leyfisveitandi krefjast þess að lausafjarmunirnir verði fjarlægðir innan hæfilegs frests, að öðrum kosti verði það gert á kostnað handhafa stöðuleyfis.

Ákvæði 2.6.2. gr. er sértækt ákvæði um úrræði sem byggingarfulltrúi getur beitt ef ekki er sótt um stöðuleyfi eða skilyrði þess eru ekki uppfyllt. Dagektum samkvæmt ákvæðum 56. gr. laga um mannvirki er því ekki beitt nema úrræði 2.6.2. gr. byggingarreglugerðar hafi ekki skilað árangri eða almennt ástand lóðar krefst frekari aðgerða sem uppfylla skilyrði fyrir beitingu ákvæða 56. gr.

### Tilvísanir

- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 með síðari breytingum
- Lög um mannvirki nr. 160/2010 með síðari breytingum
- Leiðbeiningar nr. 2.3.1. Byggingarleyfisskyldar framkvæmdir
- Leiðbeiningar nr. 2.3.6. Málsmeðferð vegna tilkynntra framkvæmda
- Leiðbeiningar nr. 2.6.1. Umsókn um stöðuleyfi